

## 118. fundur skólanefndar 12. janúar 2012 kl.17:00 í Ráðhúsi Stykkishólms.

---

**Mættir:** Arna Sædal Andrésdóttir, formaður foreldrafélags leikskóla, Elín Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Hrefna Frímansdóttir fulltrúi, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Einar Gunnarson fulltrúi kennara grunnskólans, Áslaug Kristjánsdóttir fulltrúi, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigurður R. Bjarnason varamaður, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans og Haukur Garðarsson fulltrúi.  
Formaður setti fund klukkan 17:00

### Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra leiksskóla
2. Skýrsla skólastjóra grunnskóla
3. Skóladagatal 2012-2013
4. Kynning á ytra mati á Grunnskóla Stykkishólms
5. Önnur mál

## 1. Skólastjóri leikskóla Stykkishólms

- a) Nýtt ár byrjaði nokkuð vel, veikindi eru reyndar að herja á starfsmenn og börn.
- b) Í janúar eru að byrja hér 6 ný börn.
- c) Engar skýrslur komnar enn vegna úttekta Mennta-og menningarmálaráðuneytis. Í drögum sem komu fyrir jólin var ábending um innra mat. Síðan þá hafa Sigrún og Hrafnhildur sótt fyrirlestur og fengið bæklinga um hvernig er gott að standa að innra mati.
- d) Búið er að staðfesta námskeið með Önnu-Lind Pétursdóttur 7 og 8 júní 2012.
- e) Mjög lítil mæting var af börnum í leikskólann á milli hátíða, fór niður í 3 börn af 24 á einni deildinni.
- f) Önnur mál
  - i) Starfsmaður leikskólans er að fara í veikindaleyfi í um 3 vikur. Afleysingar verða með því að færa til verkefni til annarra starfsmanna
  - ii) Fyrirspurn um fjölda á barna á leikskólanum núna. Þau eru að fara yfir 60 með nýliðun.

## 2. Skólastjóri Grunnskóla Stykkishólms

### 1) Skólabyrjun 2012

- a) Nemendur og starfsfólk  
Einn nemandi hætti í skólanum um áramót.
- b) Starfsmannaviðtöl  
Starfsmannaviðtöl fara fram á næstunni og er mjög gott að taka þau í framhaldi af fjárhagsáætlunargerð.
- c) Skólaráð GSS  
Fundur í skólaráði verður á næstu tveimur vikum

### 2) Niðurstöður foreldrakönnunar

Skv. Skipulagi skólans var lokið við foreldrakönnun. Um 60% þátttaka var í foreldrakönnun sem er mjög góð.

Könnun starfsmanna skólans hefur einnig farið fram og var þátttaka þar um 76%.

Stjórnendur skólans munu fara yfir þær á næstunni í teymishópum.

Stefnt er að því að fara yfir niðurstöður á febrúarfundi.

Fyrirspurn um hvernig úrbættum við upplýsingum úr svona könnun er háttað og af hverju hafi ekki náðst umbætur eftir fyrri kannanir, t.d. varðandi upplýsingastreymi.

Farið verður yfir upplýsingar frá 2010 og þær bornar saman við upplýsingar frá 2011.

Það er töluverð breyting til batnaðar á milli ára. Verið er að vinna í þessum málaflokkum og ákveðnir kennarar hafa verið settir yfir ákveðna málaflokka.

Foreldrar eru alltaf velkomnir að koma og hitta stjórnendur og starfsmenn GSS og ræða þau mál sem þau eru ósátt við.

Umræður um markmiðasetningu og stefnumótun til framtíðar og hvernig eigi að mæla árangur.

Fyrirspurn kom um hvernig skoðanakönnun fer fram með erlendum foreldrum.

Kallaður er til túlkur sem vinnur með þeim.

### 3) Önnur mál !

## 3. Skóladagatal 2012-2013

Fyrirspurn um hversu langt vinna við skóladagtal væri komið. GSS er langt komin með drög og búinn að hitta skólastjóra leik- og tónlistarskóla og ræða málin.

Fyrirspurn um hvenær skólastjórum fyndist að að skóladagatal ætti að vera tilbúið. GSS verður tilbúin með skóladagatal á næstu tveimur vikum. Leikskóli getur ekki sett niður starfsdaga þar sem áætlað er að fara á ráðstefnu, búið að velja ráðstefnu en ekki er búið að dagsetja hana.

Skóladagatal ætti að vera til á vordögum, sérstaklega gott ef að það er í mars.

## 4. Kynning á ytra mati á Grunnskóla Stykkishólms

GSS hefur verið boðið að taka þátt í tilraunaverkefni Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) þar sem lagt verður áherslu á eftirfarandi þætti.

- a. Stjórnun
- b. Nám og kennsla
- c. Innra mat grunnskólans og svo umbótastarf í kjölfar mats.

Skólastjóri GSS tekur mjög vel í þetta og fagnar því að fá að taka þátt í þessu verkefni og hlakkar til að vinna með fulltrúum SÍS.

## 5. Önnur mál

### Fundir skólanefndar

Rætt um fundi skólanefndar og hvernig best er að miðla upplýsingum fyrir fund, svo að fundarfólk geti undirbúið og betur tekið þátt í umræðum en ekki bara hlustað. Einnig rætt hvort að íbúar hefðu samband við skólanefndarmenn um málefni og hvort kynna þyrfti betur starfsemi skólanefndar. Formaður skólanefndar ætlar að skrifa grein í Stykkishólmspóstinn.

## Skólapúlsinn og Skólavogin

Formanni skólanefndar barst bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) sem hefur gert samning við Skólapúlsinn um framkvæmd og úrvinnslu skólavogarinnar. Sveitarfélögum er boðið að taka þátt í verkefninu. Formaður hefur heyrt ánægjuraddir með skólapúlsinn.

## Endurmenntun

Bréf barst skólastjóra GSS um endurmenntun. Skólastjóri fer á fund í Grundarfirði í næstu viku þar sem að þetta verður til umræðu og hvort hægt sé að sameinast um námskeið. Almennar umræður um hvernig endurmenntun hefur verið og hvernig þær ættu að vera skv. samningum.

Fundargerð lesin upp.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 8. febrúar 2012 kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólms.

Fundi slitið klukkan 18:53

Fundargerð ritaði Haukur Garðarsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður (sign),

Hrefna Frímannsdóttir (sign),

Haukur Garðarsson (sign),

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leiksskólans (sign),

Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara í leiksskólanum (sign),

Einar Gunnarsson fulltrúi kennara í grunnskólanum (sign),

Sigurður R. Bjarnason (sign),

Áslaug Kristjánsdóttir (sign),

Arna Sædal Andrésdóttir (sign).